

Kópavogsbær  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



Reykjavík 18. nóvember 2015  
UST201510-128/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Þríhnúkagígs og nágrennis í Kópavogi.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags Þríhnúkagígs og nágrennis.

Í lýsingu kemur fram að Þríhnúkar eru innan Bláfjallafólkvangs og tilheyra lögsögu Kópavogsbæjar en eru innan þjóðlendu. Þríhnúkar standa á hálandisbrúninni um 20 km suðaustur af höfuðborgarsvæðinu í átt að Bláfjöllum

### **Aðkomuvegur**

Umhverfisstofnun tekur undir það að skoða á þrjár staðsetningar fyrir bílastæði í deiliskipulagstillögu. Að mati Umhverfisstofnunar yrði minnsta rask á hrauni og ósnortnu svæði ef valkostur nr. 2 yrði valinn og öll bílastæði skipulögð við Bláfjallaskála. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að sjónræn áhrif bílastæða (bílum og rútum á bílastæðum) verði sem minnst og bendir stofnunin á að vegur með snúningslykkju, án allra bílastæða hefði minnst sjónræn áhrif. Þá væri ferðamönnum/gestum ekið að þjónustubyggingu og aðliggjandi svæði, síðan færí rúta/raflest beint aftur á Bláfjallasvæðið.

### **Þjónustubygging, jarðgöng og svalir inni í gígnum**


Fram kemur að þjónustubygging sem er áætluð, geti orðið allt að 1500 m<sup>2</sup>. Áætlað er að grafa göng frá þjónustubyggingu og að gígnum og þar verði útsýnissvalir þar sem gestir geta virt gíginn fyrir sér. Að mati Umhverfisstofnunar er opnun á gígnum óafturkræf aðgerð á einstökum náttúrumuinum. Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi Þríhnúkagígs er mikið á lands- og heimsvísu, og er verndargildið mest sem ósnortinnar jarðmyndunar.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagsáætlun hvernig framkvæma á göng og opið á hvelfingunni án þess að innra byrði hvelfingar verði raskað, nema sem nemur gangnamunnanum.

## Fráveita

Fram kemur í lýsingu að áætluð er fráveita vegna reksturs þjónustubyggingar og aðstöðu við Þríhnúka. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að frárennsli fari í rotþró er uppfylli kröfur um 2ja þprepa hreinsun. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdasvæðið tengist vatnsvernd telur stofnunin mikilvægt að stefnt sé að safnþró sem yrði tæmd eftir þörfum eða að frárennsli færí að Bláfjallasvæðinu í hreinsivirki sem yrði staðsett þar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Teymisstjóri